

Norðurland – okkar áfangastaður

Þingeyjarsveit – stöðugreining og aðgerðaáætlun



2025

Yfirlit

1. Um verkefnið
2. Markmið og verkefnisferlið
3. Gögn um ferðaþjónustu í Þingeyjarsveit
4. Tengsl við stefnumótun landshlutans
5. Vinnustofa með hagaðilum
 - a) Verklag
 - b) Niðurstöður úr umræðu
 - Aðdráttaraflið í dag
 - Vannýtt tækifæri
 - Helstu áskoranir
6. Framtíðarsýn og aðgerðaráætlun





Þingeyjarsveit



Um verkefnið

Verkefnið er unnið að frumkvæði Mývatnsstofu, en Mývatnsstofa er samnefnari ferðaþjónustu í Þingeyjarsveit. Hún samræmir markaðs- og kynningarmál fyrir ferðaþjónustufyrirtæki og sveitarfélagið gagnvart innlendum og erlendum ferðamönnum. Helsta hlutverk Mývatnsstofu er að markaðssetja svæðið í þeim tilgangi að fjölga ferðamönnum og lengja dvöl þeirra ásamt því að kynna svæðið sem ákjósanlegan stað til búsetu og fjárfestinga.

Framkvæmdaraðili verkefnisins er Markaðsstofa Norðurlands (MN). MN hefur starfað frá árinu 2003 og er samstarfsvettvangur Norðurlands í ferðamálum. MN gegnir jafnframt hlutverki áfangastofu Norðurlands. Sveitarfélagið Þingeyjarsveit, sem og mörg ferðaþjónustufyrirtæki í Þingeyjarsveit, eiga aðild að MN.

Starfsfólk Samtaka sveitarfélaga og atvinnuþróunar á Norðurlandi eystra (SSNE) komu einnig að mótun og framkvæmd verkefnisins.

Markmið verkefnisins

Markmið verkefnisins er að móta sameiginlega sýn fyrir uppbyggingu ferðaþjónustu í Þingeyjarsveit. Einnig móta áherslur fyrir markaðssetningu á næstu árum, með áherslu á vetrartímann.



Verkefnisferlið

Mótun
verkefnis

Stöðugreining
Tenging við
stefnumótun
ferðapjónustu
á Norðurlandi

Vinnustofa:
Samráð við
hagaðila

Úrvinnsla
níðurstæða
vinnustofu

Samantekt
og miðlun



Samantekt og miðlun



- Drög kynnt fyrir sveitarstjórn Þingeyjasveitar 11. sept.
 - *Drög tekin fyrir hjá atvinnu og nýsköpunarnefndar Þingeyjarsveitar 15. sept.*
- Drög send til álitsgjafar til stjórnar Mývatnsstofu.
- Kynning fyrir verkefnateymi hjá SSNE, 25. sept.
- **Opinn kynningarfundur fyrir íbúa og hagaðila í ferðaþjónustu 28. okt.**
- Lokaskýrsla kynnt á vefsvæðum aðila verkefnisins í nóv. 2025.

Næstu skref - framkvæmd:

- Nánari útfærsla einstakra aðgerða: Verkaskipting, tímarammi, áætlun, fjármögnun.

Gögn um ferðapjónustu í Þingeyjarsveit




Markaðsstofa Norðurlands
ÁFANGASTAÐASTOFA

nordurland.is

Þingeyjarsveit

Sveitarfélagið Þingeyjarsveit varð til við sameiningu Skútustaðahrepps og Þingeyjarsveitar árið 2022. Það er landmesta sveitarfélag landsins, um 12% af flatarmáli Ísland og íbúar þess eru rúmlega 1.400 talsins. Þingeyjarsveit státar af einstakri náttúrufegurð og miklum auðlindum. Margar af helstu perlum Íslands eru innan hennar, má nefna Mývatn, Goðafoss, Aldeyjarfoss og Öskju. Atvinnulífið er öflugt og fjölbreytt, stærstu atvinnugreinarnar eru ferðapjónusta og landbúnaður, einnig má nefna matvælaframleiðslu, fræðslu, fiskvinnslu og skógrækt. Sveitarfélagið er ríkt af auðlindum og eru þrjár stórar jarðvarmavirkjanir innan þess, Kröflustöð, Þeistareykjastöð og Gufustöðin í Bjarnarflagi.



Þingeyjarsveit

Heimild: <https://www.thingeyjarsveit.is/is/mannlif/ymislegt/um-sveitarfelagid>



Markaðsstofa Norðurlands
ÁFANGASTAÐASTOFA

nordurland.is

Gagnagrunnur Ferðamálastofu

Samkvæmt gagnagrunni Ferðamálastofu eru yfir 70 aðilar skráðir sem ferðapjónustuaðilar í Þingeyjarsveit. Gagnagrunnurinn gefur færi á því að flokka aðilana eftir tegundum þjónustu. Hafa ber í huga að margir aðilanna eru skráðir í nokkra þjónustuflokka.

Fjöldi aðila eftir þjónustuflokkum (yfirflokkar):



Gistipjónusta: 43 aðilar, þar af 31 sem starfa árið um kring



Veitingapjónusta: 25 aðilar



Upplýsingapjónusta og ferðaskipulag: 18 aðilar, þar af 2 með ferðaskrifstofuleyfi og 12 með leyfi til skipulags dagsferða



Afpreyingartengd þjónusta: 25 aðilar



Menningartengd þjónusta: 7 aðilar



Upplýsingum hlaðið niður 13. ágúst 2025, með fyrirvara þar sem ekki hafa allar skráningar verið uppfærðar á árinu.



Markaðsstofa Norðurlands
ÁFANGASTAÐASTOFA

nordurland.is

Gagnagrunnur Ferðamálastofu frh.

Skráningar í gagnagrunni ferðamálastofu, fjöldi aðila eftir undirflokkum:

Hafa ber í huga að margir aðilanna eru skráðir í nokkra undirflokka og einnig eru margir sem skrá sig ekki í alla undirflokka sem gætu átt við

Gistipjónusta	Veitingapjónusta
Hótel: 8	Veitingahús: 22
Farfuglaheimili, bænda-, heimagisting og gistiheimili: 30	Kaffihús og skyndibiti: 5
Íbúðir og sumarhús: 17	Barir og skemmtistaðir: 1
Tjaldsvæði: 8	Beint frá býli og matarupplifanir: 2

Upplýsingum hlaðið niður 13. ágúst 2025, með fyrirvara þar sem ekki hafa allar skráningar verið uppfærðar á árinu.

Gagnagrunnur Ferðamálastofu frh.

Skráningar í gagnagrunni ferðamálastofu, fjöldi aðila eftir undirflokkum:

Hafa ber í huga að margir aðilanna eru skráðir í nokkra undirflokka og einnig eru ekki allir sem skrá sig ekki í alla undirflokka sem gætu átt við.

Afpreygingartengd þjónusta	
Golfklúbbar	2
Sundlaugar, baðstaðir, heilsurækt og spa	4
Hjólaleiga og hjólaferðir:	3
Vetraraafpreying, skíði, norðurljósaskoðun, snjóprúguganga, vélsleða- og snjóbílaferðir, hundasleðaferðir	6
Dýragarðar og opinn landbúnaður, fjölskyldu- og skemmtigarðar, hestaafpreying	6
Fuglaskoðun	2
Fjór hjóla- og Buggyferðir, jeppa- og jöklaferðir, rútuferðir	3
Gönguferðir og hellaskoðun	6
Hópefli og hvataferðir, ljósmyndaferðir, lúxusferðir	2
Stangveiði (ath. veiðifélög og rekstraraðilar veiðihúsa eru öllu jafna ekki skráðir í gagnagrunn Ferðamálastofu)	1

Upplýsingum hlaðið niður 13. ágúst 2025, með fyrirvara þar sem ekki hafa allar skráningar verið uppfærðar á árinu.

Gagnagrunnur Ferðamálastofu frh.

Skráningar í gagnagrunni ferðamálastofu, fjöldi aðila eftir undirflokkum:


Hafa ber í huga að margir aðilanna eru skráðir í nokkra undirflokka og einnig eru ekki allir sem skrá sig ekki í alla undirflokka sem gætu átt við.

Menningartengd þjónusta	
Gestastofur	2
Handverk og hönnun	2
Sýningar og gallerí	6
Söfn	3


Upplýsingum hlaðið niður 13. ágúst 2025, með fyrirvara þar sem ekki hafa allar skráningar verið uppfærðar á árinu.

Gistináttagögn Hagstofu Íslands

Skráðar gistinætur (innlendir og erlendir gestir) á öllum tegundum gististaða í sveitarfélögum Norðurlands 2023. Fjöldi og hlutfallsleg skipting eftir vetrar- og sumartíma




Gistináttagögn Hagstofu Íslands frh.



Ath. Hagstofa Íslands hefur ekki gefið út gistináttatölur fyrir árið 2024. Áhrif beins flugs um Akureyrarflugvöll yfir vetrartímann er því lítið farið að gæta á því tímabili sem myndir sýnir.

Gistináttagögn Hagstofu Íslands frh.




Tengsl við stefnumótun landshlutans



Áfangastaðaáætlun Norðurlands

Áætlunin var gefin út í fyrsta skipti árið 2018 og nær yfir allt starfssvæði MN, frá Hrútafirði yfir á Bakkafjörð. Í henni felst sameiginleg stefnuýfirlýsing, sem hefur það að markmiði að stýra uppbyggingu og þróun svæðisins, skilgreina hlutverk hagsmunaaðila og tiltaka beinar aðgerðir. Áætlunin er uppfærð reglulega hvað varðar verkefnaáherslur og stöðu verkefna, sem og greiningar og talnagögn. Í nýjustu útgáfu áætlunarinnar hverju sinni er einnig settur fram listi uppbyggingarverkefna sem forsvarsfólk sveitarfélaga setur í forgang á sínu svæði.



Sjá nánar hér: <https://www.northiceland.is/afangastadaaaetlun>

Áfangastaðaáætlun Norðurlands í hnotskurn

Framtíðarsýn Norðurlands

Norðurland stendur fyrir einstaka og fjölbreytta náttúru, vetrarupplifun, dýralíf, sögu, menningu og listir og einstaka viðburði. Framtíðarsýn Norðurlands er að aukning verði á vægi ferðaþjónustu **allt árið** sem tryggir uppbyggingu **innviða**, greiðar **samgöngur**, fleiri **heilsárstörf** og meiri **framlegð** í greininni.

Ein grundvallarforsenda þess að ná markmiðum í nánustu framtíð er að beint áætlunarflug hefjist til Norðurlands.

Stefnuáherslur Norðurlands

Verkefni



Markaðsáherslur

Verkefni

Náttúru, ævintýra- og sjálfbær ferðaþjónusta

Birding Iceland • Gagnagrunnur gönguleiða

Vetrarferðaþjónusta

Ski Iceland

Saga, menning og listir

Taste North Iceland



Uppbyggingarverkefni sveitarfélaga

Verkefni

Ótal staðbundin uppbyggingarverkefni sem hafa það að markmiði að efla grunngerð og aðstöðu ferðaþjónustu á Norðurlandi

Tengsl við stefnumótun landshlutans

Uppbyggingarverkefni í forgangi í Þingeyjarsveit

Í Áfangastaðaáætlun Norðurlands eru skilgreind þau uppbyggingarverkefni sem eru í forgangi hjá hverju sveitarfélagi. Samkvæmt núgildandi áætlun eru verkefnin í Þingeyjarsveit þessi:

Verkefni 1: Þeistareykir

Hefja framkvæmdir samkvæmt deiliskipulagi sem klárað var vorið 2024. Meginmarkmið er að vernda hverasvæðið en jafnframt auðvelda aðgengi ferðafólks að svæðinu. Fyrsti áfangi er lagning stíga um hverasvæðið, bílaplan og merkingar.

Verkefni 2: Höfði Mývatnssveit

Viðhald og endurnýjun göngustíga og öryggismál við Höfða. Markmið verkefnisins er lágmarka ágang ferðamanna utan merktra gönguleiða með því að bera mól í stíga og afmarka gönguleiðir með böndum. Þá verður sérstaklega hugað að aðgengi fyrir alla.

Verkefni 3: Göngu- og hjóltreðastígur umhverfis Mývatn

Halda áfram gerð göngu- og hjóltreðastígs umhverfis Mývatn með áherslu á að tengja stíginn við helstu ferðamannastaði og hótél. Framkvæmt verður eftir fyrirbyggjandi hönnun og skipulagi með sérstaka áherslu á að klára stíginn að Álftagerði í þessum áfanga. Finna heildstæðar lausnir á brúarmálum, gerð fjögurra brúa yfir læki og ár.

Verkefni 4: Végeirsstaðaskógur

Opnun Végeirsstaðaskógar sem áningarstaðar á Norðurstrandarleið. Leitað hefur verið til arkitekts og landslagsarkitekts um hönnun svæðisins. Dregnar verða upp línur fyrir landið í heild og mótuð heildarsýn á skóginn sem fræðslu- og áningarstað. Áhersla verður lögð á útfærslu anddyris svæðisins, mótun bílastæða og frágang í kringum tjörnina syðst á svæðinu. Hannaðar verða flatir til leikja og hvíldar í rjóðrum í skóginum, teiknaðir stígar, hjóllaleiðir o.fl.

Tengsl við stefnumótun landshlutans

Uppbyggingarverkefni í forgangi í Þingeyjarsveit

Úr Áfangastaðaaætlun Norðurlands – frh.

Verkefni 5: Aldeyjarfoss og Hrafnabjargafoss

Markmið verkefnisins er að bæta aðgengi að Aldeyjarfossi og Hrafnabjargafossi. Leggja þarf stíga og lagfæra vegi að fossunum, bæta merkingar og aðstöðu fyrir ferðamenn o.fl. Í verkefninu felst áframhaldandi uppbygging við Aldeyjarfoss og Hrafnabjargafoss, bætt aðgengi og öryggi ásamt því að vernda svæðið.

Verkefni 6: Gengið úr leirnum við Hveri

Markmið verkefnisins er að halda áfram uppbyggingu "svífandi" göngustíga við Hveri svo hægt sé að bjóða ferðamönnum upp á örugga gönguleið á öllum árstíðum með lágmarks raski á umhverfið. Verkefnið er framhald af áfanga I og II og verður farið eftir fyrirbyggjandi hönnun og skipulagi með áherslu á að klára áfanga III í verkefninu og gera ferðamönnum kleift að ganga hring um svæðið í mikilli nálægð við hverina, án þess að fara út á leirinn.

Verkefni 7: Stígar og brú yfir flekaskil við Grjótagjá

Markmið verkefnisins er að vernda náttúru svæðisins og stýra umferð gesta, sem og að auka til muna öryggi gesta sem heimsækja svæðið. Verkefnið snýst um hönnun og gerð stíga og brúa yfir flekaskilin við Grjótagjá í Mývatnssveit, skv. gildandi deiliskipulagi. Gerð verða þrep með handriði upp gjáarbarminn og brýr með handriðum yfir flekaskilin (brú milli tveggja heimsálfa). Einnig verða gerðir stígar úr varanlegu efni skv. deiliskipulagi sem liggur fyrir á svæðinu. Laga allt aðgengi að svæðinu og færa bílastæði frá áfangastaðnum sjálfum skv. deiliskipulagi.

Tengsl við stefnumótun landshlutans

Markaðsáherslur – Áfangastaðaáætlun Norðurlands

Við mótun þessa verkefnis þótti eðlilegt að markaðsáherslur Áfangastaðaáætlunar Norðurlands væru lagðar til grundvallar við flokkun efnistaka og skipulagningu umræðu. Þó voru áherslurnar aðlagðar lítillega til að umræðan tæki til flestra þeirra viðfangsefna sem er efst á baugi í þróun ferðaþjónustu í Þingeyjarsveit.

1) Náttúrutengd ferðaþjónusta: Þjónusta sem byggir á náttúrupplifun, náttúruskoðun og/eða miðlun upplýsinga um náttúruna.

Lykilorð: Norðurljós, dýra- og fuglalíf, ár, fossar, fjöll, jöklar, hverir, o.s.frv.

2) Afþreyingartengd ferðaþjónusta árið um kring: Þjónusta sem byggir á því að gestir taki virkan þátt í því sem boðið er upp á.

Lykilorð: Ævintýraferðir, gönguferðir, skíðaferðir, veiðiferðir, baðferðir, hugvitsdvöl, námskeið.

3) Ferðaþjónusta tengd sögu, menningu og listum: Þjónusta sem byggir á því að miðla menningararfleifðinni að fornu og nýju til gesta.

Lykilorð: Menningarviðburðir, matarmenning, sögur, söfn, sýningar.

Vinnustofa með hagaðilum

Verklag og niðurstöður



Markaðsstofa Norðurlands
ÁFANGASTOFA

nordurland.is

Vinnustofa: Verklag

Opin vinnustofa var haldin 6. maí 2025. Markmið hennar var að fá fram sjónarmið fulltrúa ferðapjónustufyrirtækja í Þingeyjarsveit, sem og fulltrúa sveitarfélagsins varðandi frekari uppbyggingu og markaðssetningu ferðapjónustu í sveitarfélaginu.

Vinnustofan var öllum opin og kynnt á fjölbreyttum vettvangi. Um 25 manns tóku þátt víðs vegar að úr sveitarfélaginu. Flestir fulltrúar ferðapjónustufyrirtækja, en einnig tóku þátt nokkrir aðilar úr sveitarstjórn.

Skipulag og fundaritun var á höndum starfsmanna MN, SSNV og Mývatnsstofu. Fundarmönnum var skipt í hópa sem ræddu eftirfarandi lykilspurningar út frá fyrrgreindum markaðsáherslum:

- *Í hverju felst aðdráttarafl Þingeyjarsveitar á þessu sviði í dag?*
- *Eru ónýtt tækifæri á svæðinu til að þróa nýtt aðdráttarafl á þessu sviði?*
- *Hverjar eru helstu áskoranirnar á þessu sviði? Er eitthvað sem getur hindrað framgang?*
- *Hvernig getum við tæklað þessar áskoranir / hver eru verkefnin?*



Hvert er helsta aðdráttarafl Þingeyjarsveitar í dag þegar litið er til ferðapjónustu?

Niðurstöður úr samtölum
þátttakenda vinnustofunnar

1 og 2) Náttúrutengd ferðapjónusta og afþreying árið um kring:

Umræða á vinnustofunni, um þessar 2 áherslur, skaraðist algjörlega, því er þeim hér slegið saman.

- **Einstök náttúra:** Veigamesta aðdráttarafl Þingeyjarsveitar mun alltaf liggja í þeirri einstöku náttúru sem svæðið hefur upp á að bjóða. Fjölmargar þekktar náttúruperlur (seglar) eru til staðar á tiltölulega litlu svæði. Margar þeirra eru þegar heimspektir áfangastaðir og búið er að byggja upp umtalsverða innviði til að taka á móti gestum.
- **Fjölbreytni í afþreyingu:** Nú þegar er fjölbreytt afþreying í boði, þó alltaf megi gera betur. Það er margt hægt að skoða og gera á tiltölulega litlu svæði. Auðvelt að tengja við nálæg svæði sem einnig hafa mikið aðdráttarafl, eins og t.d. Húsavík og Ásbyrgi.
- **Friðsæld:** Þingeyjarsveit getur enn boðið upp á skilyrði þar sem gestir geta notið sín án þess að upplifa of mikla mannmergð. Í þessu felst ákveðið aðdráttarafl í samanburði við ýmsa aðra landshluta.
- **Aðdráttarafl birtu og myrkurs:** Hver árstíð hefur sinn þokka. Fjölmörg tækifæri liggja í að þróa afþreyingartengdar vörur, sem nýta bjartar sumarnætur, sem og myrkur vetrarins.
- **Vetrarupplifun:** Landfræðilegar og veðurfarslegar aðstæður bjóða upp á “alvöru” vetraraðstæður, sem sumir aðrir landshlutar geta ekki gengið að vísum. Líkur á að gestir fái að upplifa frost, snjó og vetrarveður í sinni fjölbreyttustu mynd.

Hvert er helsta aðdráttarafl Þingeyjarsveitar í dag þegar litið er til ferðapjónustu?

Niðurstöður úr samtölum
þátttakenda vinnustofunnar

3) Ferðapjónusta tengd sögu, menningu og listum:

Fjölbreytt aðdráttarafl þegar til staðar, byggt á þingeyskri menningararfleifð:

- **Byggðasafnið að Grenjaðarstað** er einstakt safn sem mætti markaðssetja enn frekar í samstarfi við aðra starfsemi hjá Menningarmiðstöð Þingeyinga. Hér er áskorunin að ná betur til erlendra gesta. Efla mætti enn frekar viðburðahald þar sem boðið er upp á lifandi safnastarf.
- **Fuglasafn Sigurgeirs** er ekki aðeins fugla- og náttúrusýning, heldur er þar einnig boðið upp á merkilega sögusýningu um veiðar og aðrar nytjar í Mývatni (bátasýningin) sem hefur sterka skírskotun til sögu svæðisins.
- **Húsadýragarðurinn Daladýrð** býður upp á menningarmiðlun um íslenskan landbúnað og húsdýrin. Einnig er miðlað upplýsingum um refinn og tengingu manna og refa.
- **Menningarupplifanir**, að hitta heimafolk, heyra tungumálið, fá innsýn í líf og starf og matarmenningu felur allt saman í sér ákveðið aðdráttarafl sem vinna mætti með frekar á fjölbreyttan hátt.

Aðdráttarafl Þingeyjarsveitar í dag: Samantekt



VETRAR-
UPPLIFUN



FJÖLBREYTT
AFÞREYING



FRÍÐSÆLD



AÐDRÁTTARAFL
BIRTU OG
MYRKURS



STERK
MENNINGAR-
ARFLEIFÐ



EINSTÖK
NÁTTÚRA

Niðurstöður úr samtölum
þátttakenda vinnustofunnar



Markaðsstofa Norðurlands
ÁFANGASTAÐASTOFA

nordurland.is

Hvernig eflum við aðdráttarafl Þingeyjarsveitar enn frekar? Hvar liggja vannýtt tækifæri?

Þátttakendur vinnustofunnar tóku þátt í hugarflugsvinnu og hafa hugmyndirnar sem komu fram verið flokkaðar á eftirfarandi hátt:

- *Staðir sem verðskulda frekari athygli*
- *Innviðir, leiðir og upplýsingar*
- *Vöruþróunarhugmyndir*
- *Lykilorð*

Hugmyndirnar eru jafnframt flokkaðar eftir markaðsáherslunum sem fyrr. Hafa ber í huga að nokkur skörun er milli sviða:

- *Náttúrutengd ferðaþjónusta*
- *Afþreyingartengd ferðaþjónusta*
- *Ferðaþjónusta tengd sögu, menningu og listum*



Hvernig eflum við aðdráttarafl Þingeyjarsveitar enn frekar? Hvar liggja vannýtt tækifæri?

1) Náttúrutengd ferðapjónusta:

Staðir sem verðskulda meiri athygli:

Þeistareikir, Þingey, Laxárdalur, Vaglaskógur, Végeirsstaðir, Fellsskógur, inndalir Fnjóskadals, Útkinn, Björgin, Flateyjardalur.

Innviðir, leiðir og upplýsingar:

Tenging Bárðardals og Mývatnssveitar um Engidalsveg, göngustígur frá Goðafossi að Þingey, göngu og hjólastígar við Laxá og Fnjóská, fuglaskoðunarhús.

Vöruþróunarhugmyndir:

Bátsferðir á vötnum (Mývatn, Másvatn, Ljósavatn, Vestmannsvatn), gönguskíðaferðir og mót (heiðarnar og Vaglaskógur), fossaslóð (Skjálfandafljót), upplifunarferðir - matur og náttúrunýting (hverabrauð, silungur, heiðarlambið).

Lykilorð:

Víðerni, veðrabrigði, kyrrð, fjölbreytileiki, landslag, fuglalíf, jarðfræði, jarðhiti.

Hvernig eflum við aðdráttarafl Þingeyjarsveitar enn frekar? Hvar liggja vannýtt tækifæri?

2) Afþreyingartengd ferðaþjónusta:

Staðir sem verðskulda meiri athygli:

Végeirsstaðir, Vaglaskógur, Vestmannsvatn, Másvatn.

Innviðir, leiðir og upplýsingar:

Göngu- og hjólastígar t.d. í Reykjadal og Aðaldal, félagsheimilin nýtt fyrir námskeiðshópa.

Vörupróunarhugmyndir:

Matarupplifunarferðir (heimsóknir til framleiðenda, smakk og máltíðir), hjólaferðir, dorg og skautaferðir, hestaferðir (t.d. miðnæturreiðtúrar), miðnæturgönguferðir, slökun og vellíðan - böð, nudd, snyrtimeðferðir, joga, heimsóknir til heimamanna (bændabýli, veitingar, húsdýr, sögur).

Lykilorð:

Matarupplifun, vellíðan, veiði, gönguskíði, íslenski hesturinn, reiðhjól, miðnætursól, heimsóknir.

Hvernig eflum við aðdráttarafl Þingeyjarsveitar enn frekar? Hvar liggja vannýtt tækifæri?

3) Ferðapjónusta tengd sögu, menningu og listum:

Staðir sem verðskulda meiri athygli:

Hofsstaðir, Þingey, Náttfaravík (landnámsstaðurinn), Þverárbærinn í Laxárdal, Bjarnarflag, Laugar, Mývatnsöræfi, Flatey, Þorgeirskirkja, Goðafoss

Innviðir, leiðir og upplýsingar:

Brú út í Þingey, bílastæði, þjónustuhús, merkingar og upplýsingamiðlun um minjar.

Upplýsingamiðlun við Bjarnarflag (atvinnulífssaga).

Áningarstaður með upplýsingamiðlun á Laugum (skólasaga, atvinnulífssaga, jarðhitasaga).

Skráning og merkingar gönguleiðar að fornminjum og eyðibýlum á heiðunum.

Upplýsingamiðlun um vörðurnar á Mývatnsöræfum.

Félagsheimili nýtt fyrir viðburði fyrir ferðamenn.

Vörupróunarhugmyndir:

Sýning tileinkuð Stjörnu Odda (Aðaldalur), sýning um þátt kvenna í atvinnu og byggðasögu (Húsmæðraskólinn á Laugum), lifandi safn á Hofsstöðum (opnir dagar, frásagnir og leiðsögn, viðburðir), söguferðir um heiðarnar og eyðibýggðir (fornminjar og búsetusaga), matarmenning Þingeyinga (ferðir og heimsóknir til framleiðenda, smakk og máltíðir), viðburðir og tónleikar í kirkjum, t.d. Þorgeirskirkju, sumarsýningar leikfélaga í félagsheimilum með veitingasölu.

Lykilorð:

Upplýsingamiðlun, sýningar, viðburðir, lifandi safn, fornminjar, búsetu-, atvinnulífs- og skólasaga, matarmenning.

Hvernig eru helstu áskoranirnar í frekari þróun ferðaþjónustu í Þingeyjarsveit?

Niðurstöður úr samtölum
þátttakenda vinnustofunnar

Í umræðu um helstu áskoranir fyrir frekari þróun ferðaþjónustu í Þingeyjarsveit kom greinilega fram að áskoranirnar eru í grundvallaratriðum þær sömu hvort sem um er að ræða náttúru og/eða afþreyingartengda þjónustu, eða þjónustu tengda sögu, menningu og listum. Þær áskoranir sem voru nefndar má flokka á eftirfarandi hátt:

- **Uppbygging innviða:** Þó ýmsir áfangar hafi náðst í uppbyggingu innviða þá er enn langt í land. Skortur er á innviðum við fjölmargar náttúruperlur, sem af þessum sökum er lítið hægt að nýta í ferðaþjónustu. Ekki er hægt að vísa gestum á staði þar sem grunninnviðir eru ekki til staðar. Nauðsynlegt er að byggja upp bílastæði, snyrtingar, göngustíga og aðstöðu fyrir hjólríðafólk svo dæmi séu tekin. Í einhverjum tilvikum er um umfangsmikil verkefni að ræða, sem mögulega kalla á vegaúrbætur og/eða brúarsmíði (Þingey). Megináskorunin í flestum tilfellum er fjármagnskortur en ákvarðanataka um skýra forgangsröðun er einnig vandasöm. Við uppbyggingu innviða er áskorunin að tryggja að vandað sé til verka. Gæta þarf vel að því að uppbyggingin gangi ekki of langt og sé þess eðlis að náttúran fái notið sín.
- **Skipulag og stefnumótun:** Í náttúru svæðisins felast mörg tækifæri sem nýta má í ferðaþjónustu, en það er áskorun að skilgreina hvað megi nýta og hvernig. Í dag má t.d. ekki kafa í Mývatni og siglingar um vatnið eru háðar miklum takmörkunum. Fuglalíf svæðisins dregur að sér fjölmarga ferðamenn, en er um leið mjög viðkvæmt fyrir ágangi. Í Þingeyjarsveit eru fjölmargir áhugaverðir áfangastaðir fyrir ferðamenn, en uppbygging innviða á þessum stöðum er mjög mislangt komin. Það er áskorun að forgangsraða uppbyggingarverkefnum þannig að fjármagn nýtist sem best, álagi sér stýrt og uppbygging eigi sér stað víðs vegar um sveitarfélagið.
- **Rekstur og þjónusta:** Snjómokstur hefur löngum verið áskorun, vetrarþjónusta við Dettifoss er ófullnægjandi. Það er áskorun bæði fyrir opinbera aðila, sem og einkafyrirtæki að halda úti þjónustu allt árið þar sem eftirspurnin er enn mjög árstíðabundin. Í margvíslegri opinberri starfsemi t.d. á sviði sögu- og menningartengdri þjónustu er skortur á fjármagni til rekstrar og oft á tíðum byggt að einhverju leyti á sjálfbóðaliðastarfi.
- **Mannaflí og samfélagstengsl:** Í Þingeyjarsveit býr alls konar fólk. Það eru ekki allir íbúar sveitarfélagsins sem hafa áhuga á að stunda ferðaþjónustu og taka verður tillit til ólíkra sjónarmiða. Eignarhald á jörðum getur verið áskorun fyrir frekari þróun, t.d. þar sem gönguleiðir liggja í gegnum landareignir. Margt fólk af erlendum uppruna starfar í ferðaþjónustu í Þingeyjarsveit og það er áskorun að tryggja að þau fái notið sín í samfélaginu og ílengist. Uppbygging nýrra áfangastaða og nýrrar starfsemi krefst mikillar vinnu og úthalds. Það þarf frumkvæði og einhver þarf að leiða. Þetta á ekki síst við um menningartengda starfsemi sem oft byggir að miklu leyti á sjálfbóðaliðastarfi. Að viðhalda áhuga og úthaldi er áskorun.
- **Markaðsmál og upplýsingagjöf:** Það er mikil samkeppni um athygli og tíma fólks. Það er áskorun í markaðssetningu að auka hlut lengri ferða og fá gesti til að dvelja lengur. Að ná árangri í markaðsstarfi hefur reynst umtalsverð áskorunin í sögu og menningartengdri starfsemi. Í mörgum tilfellum hafa viðkomandi aðilar ekki lagt mikla áherslu á kynningarmál og stunda ekki markvissa markaðssetningu. Það er áskorun að koma upplýsingum á framfæri, að upplýsingagjöf sé nægjanleg og í takt við þarfir og venjur gesta á hverjum tíma. Það er áskorun að ná athygli gesta á lykiláfangastöðum svo þeir fari sem víðast og nýti þjónustu víðsvegar um sveitarfélagið.

Mótun framtíðarsýnar og aðgerðaáætlunar

Tækifæri
og
áskoranir

Framtíðar-
sýn og
markmið

Aðgerðir

Hugmynd að
framkvæmd



Framtíðarsýn og meginmarkmið ferðapjónustu í Þingeyjarsveit

Í Þingeyjarsveit gista ferðamenn að jafnaði a.m.k. tvær til þrjár nætur í hverri ferð. Þeir heimsækja svæðið fyrir einstaka ferðaupplifun hvort sem er að sumri eða vetri. Upplifunin byggir á þekktum seglum og góðu aðgengi að fjölbreyttri þjónustu árið um kring.

Til að stuðla að því að þessi framtíðarsýn megi verða að veruleika verður unnið út frá eftirfarandi meginmarkmiðum:

- *Að byggja enn frekar upp vetrarímynd í þingeyskri ferðapjónustu.*
- *Að bæta vöruframboð ferðapjónustu í Þingeyjarsveit.*
- *Að fá ferðamenn til að nýta minna þekkta þjónustu.*
- *Að fjölga gistinóttum pr ferðamann í Þingeyjarsveit.*

Leitast verður við að þróun ferðapjónustu í sveitarfélaginu eigi sér stað í sátt við samfélagið og tekið verði tillit til ólíkra sjónarmiða.



Aðgerðaáætlun



Hvernig eflum við aðráttaraflíð og nýtum vannýtt tækifæri ?	Heiti aðgerða		Markmið og áherslur	Tillaga að ábyrgðaraðila	Hugmynd að framkvæmd og helstu verkþættir
	UPPBYGGING INNVÍÐA	1. Áætlanagerð fyrir uppbyggingu áfangastaða.	➤ Að stuðla að markvissri uppbyggingu á stórra og smárra áfangastaða. ➤ Að forgangsraða uppbyggingarverkefnum til lengri tíma byggt á greiningu lykilþátta.	➤ Sveitarfélagið Þingeyjarsveit. ➤ Samstarf við Markaðsstofu Norðurlands, vegna tengingar við áfangastaðaáætlun Norðurlands.	➤ Hagsmunaaðilagreining. ➤ Upplistun mögulegra áfangastaða. ➤ Gerð greiningarlíkans. ➤ Forgangsroðun verkefna. ➤ Samræmd áætlun.
		2. Kortlagning gönguleiða.	➤ Að tryggja betra aðgengi að völdum svæðum, sem getur orðið grundvöllur vöruþróunar. ➤ Að bæta upplifun gesta með því að veita uppfærðar, nákvæmar upplýsingar.	➤ Markaðsstofa Norðurlands leiðir nú þegar verkefni á þessu sviði, í samstarfi við Ferðamálastofu og með stuðningi úr Sóknaráætlun Norðurlands eystra. ➤ Samstarf við Mývatnsstofu og aðra heimaaðila og landeigendur.	➤ Úttekt og gagnaöflun. ➤ Kortlagning og stikun leiða. ➤ Útgáfa og kynning. ➤ Viðhald og uppfærsla.
		3. Samræming móttöku skipafarþega.	➤ Að hámarka ávinning af móttöku ferðamanna sem koma á svæðið með skemmtiferðaskipum. ➤ Að stýra álagi með því að dreifa ferðamönnum sem best um svæðið.	➤ Sveitarfélagið Þingeyjarsveit og Markaðsstofa Norðurlands. ➤ Sjá hlutverk áfangastaðastofa, markmið C7 í Aðgerðaáætlun stjórnvalda ➤ Samstarf við breiðan hóp hagaðila: • SSNE og önnur sveitarfélög á Norðurlandi (hafnirnar) • Rannannsóknaraðilar t.d. Rannsóknameiðstöð ferðamála.	➤ Kortleggja ferðir skipafarþega, komutíma og áfangastaði. ➤ Vinna þolmarkagreiningu. ➤ Setja stefnu fyrir Þingeyjarsveit um móttöku gesta þar sem skilgreint er hvernig best er að taka á móti. skemmtiferðaskipafarþegum í sátt við íbúa og aðra gesti þannig að innviðir nýtist sem best.
	EFLING VÖRUÞRÓUNAR	4. Almennur stuðningur við vöruþróun í ferðaþjónustu.	➤ Að örva og styðja við vöruþróunarstarf meðal frumkvöðla og starfandi fyrirtækja með það að markmiði að skapa fjölbreyttari afþreyingu og þjónustu.	➤ SSNE: Atvinnuráðgjöf. ➤ Þekkingarnet Þingeyinga. • Skoða samstarf við Ferðaklasann, Hæfnisetur ferðaþjónustunnar, MN.	➤ Skipuleggja ferðaþjónustuhraðla. ➤ Halda vinnustofur og/eða námskeið. ➤ Kortlagning sjóða og miðlun upplýsinga.
		5. Hagnýting beins flug um AEY.	➤ Að efla ferðaþjónustu utan háannar. ➤ Styrkja rekstrargrundvöll ferðaþjónustufyrirtækja á heilsársgrunni.	➤ Mývatnsstofa í samstarfi við Markaðsstofu Norðurlands. • Samstarf við Íslandsstofu. • Einnig samstarf við SSNE vegna vöruþróunar.	➤ Markhópagreining núverandi flugfarþega um AEY. ➤ Vöruþróun. ➤ Aukin upplýsingamiðlun og markaðssókn. ➤ Að skoða grundvöll þess að bjóða upp áætlunarferðir frá AEY, sem og innan sveitar.

Hvernig eflum við aðráttaraflíð og nýtum vannýtt tækifæri ?		Heiti aðgerða	Markmið og áherslur	Tillaga að ábyrgðaraðila	Hugmynd að framkvæmd og helstu verkþættir
MARKAÐSSÓKN	6. Ímyndarsköpun	➤ DUE North ➤ The Arctic North • JOMO (Joy of missing out) • Coolcation • Arctic North	➤ Að Þingeyjarsveit verði besti vetraráfangastaður í Skandinavíu • Að kynna fámennið og kyrrðina. • Að draga fram tækifærin tengd birtu og myrkri með áherslu á ferðatíma. • Að leggja áherslu á sérstöðu Norðurlands varðandi veturinn.	➤ Mývatnsstofa í samstarfi við Markaðsstofu Norðurlands.	Grunnstoðir: Samkeppnisgreining, samvinna, upplýsingagjöf, aðgengi að þjónustu. ➤ Setja stefnu um hvernig vetrartíminn er sýndur: Stemning, lykilstaðir/svæði. ➤ Vinna með frost, snjó, byl og vetraraflpreyingu í kynningu og kynningarefni (myndefni). ➤ Fræða um fjölda gesta og hvaða tímar henta best, veita upplýsingar um íbúafjölda og staðhætti innan sveitarfélagsins. ➤ Kortleggja hvaða þjónusta er í boði á öðrum tíma en yfir vinsælasta ferðatímann. Greina hvaða þjónustu er þörf.
	7. Staðbundin upplýsingamiðlun		➤ Að efla sýnileika þjónustu í sveitarfélaginu og þannig fjölga seglum. ➤ Að stuðla að því að gestir dvelji lengur á svæðinu og þeir nýti þjónustu víðsvegar um sveitarfélagið.	➤ Markaðsstofa Norðurlands í samstarfi við sveitarfélagið Þingeyjarsveit. ➤ Skoða samstarf á landsvísu (Áfangastofur landshlutanna)	➤ Kortleggja heimsóknir á svæðinu. ➤ Búa til markaðsefni sem kynnir þjónustu, sem er minna sótt. ➤ Aðstoða við markaðssetningu minna sótttrar þjónustu. ➤ Samantekt staðbundinna upplýsinga á vef út frá „radius“. ➤ Hönnun staðbundinna skilta og QR kóða. ➤ Fjármögnun og uppsetning skilta.
	8. Aukinn sýnileiki og stafrænn stuðningur	Sérstakt átaksverkefni ætlað aðilum í sögu- og menningartengdri þjónustu.	➤ Að draga betur fram sögu og menningu Þingeyjarsveitar og fjölga heimsóknum á sögu- og menningarstaði ➤ Að efla hæfni í markaðssetningu og nýtingu starfrænna miðla. ➤ Að bæta sýnileika sögu- og menningartengdar ferðaþjónustu.	➤ Markaðsstofa Norðurlands í samstarfi við Markaðsstofur landhlutanna og Hæfnisetur ferðaþjónustunnar. ➤ Skoða tengingu við Rannsóknasetur skapandi greina.	➤ Þarfagreining og sérsniðin fræðsla. ➤ Aðstoða við gerð markaðsefnis út frá þörfum hvers og eins. ➤ Persónulegur stuðningur og stafrænt stuðningsnet. ➤ Skoða áhuga og mögulega útfærslu á sameiginlegri markaðs- og/ eða söluherferð aðila í Þingeyjarsveit.
	9. Náttúruparadísin Þingeyjarsveit	„Gleymum ekki sérstöðunni!“	➤ Að draga enn frekar fram sérstöðu náttúru Þingeyjarsveitar. ➤ Að efla enn frekar kynningu á Mývatni sjálfu og affpreyingu tengda vötnum og ám. ➤ Að efla fuglatengda ferðaþjónustu.	➤ Mývatnsstofa í samstarfi við Náttúruverndarstofnun (Gígur gestastofa).	➤ Að kortleggja sérstöðuna og vinna markaðsefni fyrir þjónustu sem leggur áherslu á sérstæða náttúru svæðisins. ➤ Að kynna náttúruverndarsvæði í samstarfi við Náttúruverndarstofnun. ➤ Setja upp fræðslu fyrir starfsfólk í ferðaþjónustu. ➤ Vinna kynningarefni um fuglana við Mývatn og í Þingeyjarsveit. ➤ Taka þátt í Birdfair.



ÁHUGAVERÐIR STAÐIR
Í GRENND

MORE TO SEE JUST MINUTES AWAY



IS



EN